



BORGARBYGGÐ

Skrifstofa - Borgarbraut 11
310 Borgarnes - Kt.: 510694-2289
Sími: 437 1224 - Fax: 437 1024

Alþingi
Erindi nr. P 131/283
komudagur 30.11.2004
Boðlesí 26.11.2004

Nefndasvið Alþingis

b.t. Samgöngunefnd

Alþingi

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Borgarbyggðar um þingsályktunartillögu Guðjóns Guðmundssonar um lækkun gjalds í Hvalfjarðargöng.

“Bæjarráð Borgarbyggðar telur að bygging jarðganga undir Hvalfjörð hafi haft mikil og jákvæð áhrif á þróun byggðar við Borgarfjörð. Með byggingu ganganna jukust möguleikar íbúanna á að sækja þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en jafnframt eflidist ferðaþjónusta á svæðinu til muna og samkeppnisstaða fyrirtækja og stofnana batnaði. Bæjarráð vísar jafnframt í skýrslu um áhrif Hvalfjarðarganga sem unnin var af SSV-þróun og ráðgjöf í samstarfi við aðra aðila. Má víða sjá jákvæð áhrif ganganna á búsetuskilyrði í sveitarfélaginu en í skýrslunni kemur fram að jákvæð áhrif yrðu enn meiri ef gjaldtöku í göngunum yrði hætt eða hún lækkuð verulega. Bæjarráð tekur því undir tillögu Guðjóns Guðmundssonar um að leitað verði leiða til að lækka eða fellur niður gangnagjaldið.

Jafnframt bendir bæjarráð á mikilvægi þess að mótuð verði heilsteypt stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar um hvernig haga skuli fjármögnun og uppbyggingu samgöngumannvirkja og innheimtu opinberra gjalda af þeim. Brýnt er að eyða óvissu um það með hvaða hætti einkaaðilum sé ætlað að koma að uppbyggingu samgöngumannvirkja og eignarhaldi á þeim og hver afskipti ríkis-stjórnarinnar verða af slíkum mannvirkjum.”

Virðingarfyllst

Páll S. Brynjarsson
bæjarstjóri